

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR

2012 - 2024

BREYTING VEGNA FLUTNINGSLÍNA RAFORKU – DRÖG

7. MAÍ 2019



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

© Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2019

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2019

Ljósmynd á forsíðu:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr greinargerð þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða greinargerðarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1	Drög að stefnu um flutningslínur í SSEY	4
1.1	Viðfangsefni	4
1.2	Valkostir	4
2	Breyting	5
2.1	Gildandi stefna um flutningsleiðir raforku	5
2.2	Breytt stefna - drög.....	5
2.2.1	Markmið	5
2.2.2	Stefna um mótvægisáðgerðir	6
2.3	Skýringaruppdráttur	7
3	Samantekt umhverfismats áætlunarinnar	8
4	Kynning, auglýsing og samþykkt	12
4.1	Kynning	12
4.2	Auglýsing.....	12
4.3	Afgreiðsla og staðfesting.....	12
4.3.1	Athugasemdir og afgreiðsla þeirra	12
4.3.2	Breytingar á tillögu eftir auglýsingu	12
4.3.3	Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar	12
4.3.4	Samþykkt sveitarstjórna	13
4.3.5	Staðfesting	14

1 DRÖG AÐ STEFNU UM FLUTNINGSLÍNUR Í SSEY

1.1 VIÐFANGSEFNI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun 21. janúar 2014 og var gildistaka þess auglýst 4. febrúar sama ár. Ekki voru forsendur á því stigi til þess að ganga frá legu flutningslína raforku í skipulaginu. Í skipulaginu er ákvæði um að þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu flutningslína auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Sjö sveitarfélög eru aðilar að svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Það eru Akureyri, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Sveitarfélögin tilnefna nefndarmenn í svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar en Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er nefndinni til aðstoðar við daglega umsýslu.

Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulaginu. Á þessu stigi er um að ræða endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu; Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Gert er ráð fyrir að þær verði 220 kV línur, að mestu loftlínur. Línuleiðin liggur um Öxnadal, Hörgárdal, Kræklingahlið og Akureyri, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit. Fyrir liggja ákvarðanir um gerð og legu Hólasandslínu 3 í aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar. Verður hún lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit og sem loftlína þaðan og austur. Breyting á svæðisskipulagi og umhverfismat áætlunarinnar á því fyrst og fremst við 107 km langa Blöndulínu 3 milli Blöndustöðvar og Akureyrar.

Þar sem lagning flutningslína raforku af þessari gerð er háð lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur breyting á svæðisskipulaginu undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Megintilgangur með umhverfismati áætlunarinnar er að tryggja að tekið verið tillit til umhverfissjónarmiða við gerð hennar. Í umhverfismati áætlana felast spurningarnar **hvort?** og **hvar?** Í umhverfismati framkvæmda, sem unnið verður á síðari stigum, verður svarað spurningunni **hvernig?**

Hér eru lögð fram drög/tillaga að stefnu svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar um flutningslínur raforku. Stefnan er sett fram sem breyting á svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY).

1.2 VALKOSTIR

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar. Þar er lagt mat á sex útfærslukosti, sem skoðaðir voru fyrir Blöndulínu 3 milli Norðurárdals í Skagafirði og Akureyrar og á hvaða forsendum þeir voru vinsaðir.

Með hliðsjón af umhverfismati áætlunarinnar leggur svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar til að Blöndulína 3 verði lögð meðfram núverandi Byggðalínu. Í umhverfisskýrslu eru einnig metin líkleg áhrif Blöndulínu 3 á þá umhverfispætti sem eiga við á þessu stigi m.t.t. stöðu áætlunarinnar og nákvæmni.

Á skýringarupphætti svæðisskipulagsins er leiðin sýnd í grófum dráttum. Nákvæmni svæðisskipulags gefur ekki tilefni til að sýna nákvæma afstöðu línunnar til byggðar eða hvort einhverjir hlutar hennar verði lagðir sem jarðstrengir.

2 BREYTING

2.1 GILDANDI STEFNA UM FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

Í gildandi svæðisskipulagi Eyjafjarðar eru eftirfarandi markmið í kafla 3.4.4:

- Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.
- Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Í kafla 3.4.4. er einnig gerð grein fyrir þeim áformum um framhald sem fram koma hér að ofan og tekið fram að skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar.

2.2 BREYTT STEFNA - DRÖG

2.2.1 MARKMIÐ


- Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.
 - Gera skal ráð fyrir nýrri flutningslínu með 220 kV spennu eða hærri milli Blöndustöðvar og Kröflu um Öxnadal, Hörgárdal, Kræklingahlíð og Akureyri, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal.
 - Í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga skal gera ráð fyrir Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3.
- Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.
 - Tekið skal mið af þingsályktunum um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sem samþykktar voru á Alþingi 28. maí 2015 (nr. 11/144) og 11. júní 2018 (nr. 26/248).
 - Vegna nálægðar við þéttbýli á Akureyri, línuleiðar um Hólma Eyjafjarðarár, sem eru á náttúruminjasrá, og nálægðar við Akureyrarflugvöll skal gera ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit.
 - Nýta skal þá möguleika sem kostur er á m.t.t. tæknilegra og efnahagslegra forsendna til þess að leggja hluta Blöndulínu 3 sem jarðstreng t.d. vegna þrengsla við núverandi byggð og býli og/eða vegna skilgreindrar náttúruverndar þar sem það á við.
 - Í samræmi við stefnu í aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar er stefnt að því að Kröflulína 1 (132 kV loftlína) verði lögð í jörð á skipulagstímabilinu og Laxárlína (66 kV loftlína) verði lögð af þegar Hólasandlína 3 verður lögð.
- Á lægri skipulagsstigum og í hönnun, sem byggjast mun á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, verður gerð og lega nýrra flutningslína ákvörðuð endanlega og auk þess gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum, sem m.a. geta falist í breytingum á núverandi flutningslínunum og dreifikerfi raforku.

2.2.2 STEFNA UM MÓTVÆGISAÐGERÐIR

- Við verkhönnun verður útfærsla og lega Blöndulínu 3 ákveðin nánar. Sérstaklega skal taka til skoðunar útfærslu á eftirtöldum köflum línunnar:
 - Geirhildargarðar – Þverá í Öxnadal
 - Þverá – Bægisá í Öxnadal
 - Heiðarhús – Akureyri, Moldhaugnaháls og Kræklingahlíð.
- Á þessum svæðum verði litið til eftirtalinna kosta:
 - Fjarlægð frá byggð/bæjarhúsum. Færsla línustæðis frá fyrri drögum
 - Sameining lína á eina staurastæðu
 - Jarðstrengur
- Áfram skal stefnt að því að allar dreifilínur rafmagns (RARÍK) verði lagðar í jörð.
- Stefna skal að því að áætlun um að leggja Dalvíkurlínu (66 kV loftlínu RARÍK frá Rangárvöllum) í jörð 2030 verði flýtt og hún lögð sem jarðstrengur samtímist lagningu Blöndulínu 3.
- Stefnt skal að því að Rangárvallalína 1 (Byggðalína) verði lögð í jörðu eftir því sem aðstæður og tæknilegar forsendur leyfa.

Í kafla 2.3 er yfirlitsmynd, skýringaruppdráttur, sem sýnir legu Blöndulínu 3 í grófum dráttum, legu Hólasandslínu 3 (loftlínu og jarðstrengs) og núverandi 132 kV flutningslínur. Endanleg útfærsla Blöndulínu 3 verður ákveðin í hönnun með hliðsjón af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

2.3 SKÝRINGARUPPDRAÐTUR



3 SAMANTEKT UMHVERFISMATS ÁÆTLUNARINNAR

Ákvæði um flutningslínur raforku í svæðisskipulagi eiga við framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar með heyrir breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, þar sem kafli um flutningslínur raforku er endurskoðaður, undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 2015/2006 og skal umhverfisskýrsla, þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, vera hluti skipulagstillögunnar. Umhverfisskýrsla er fylgiskjal með tillögu um breytingu á svæðisskipulaginu.

VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni umhverfisskýrslunnar er mat á breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Breytingin á við stefnu svæðisskipulagsins um flutningslínur raforku, þ.e. endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu; Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Gert er ráð fyrir að þær verði 220 kV línur, að mestu loftlínur. Línuleiðin liggur um Öxnadal, Hörgárdal, Kræklingahlið og Akureyri, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit.

Fyrir liggja ákvarðanir um legu og útfærslu Hólasandslínu 3 í staðfestu aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar og frummatsskýrsla um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að línan verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Eyjafjarðarsveit en þaðan sem loftlína austur yfir Vaðlaheiði. Þess vegna er ekki gerð frekari grein fyrir valkostum eða ætluðum umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 í umhverfisskýrslunni. Umhverfismat áætlunarinnar fjallar fyrst og fremst um Blöndulínu 3 og þá skipulagskosti, sem henni tengjast.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í 2. kafla umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir þeim áætlunum og stefnuþlögum sem máli skipta.

HELSTU LAGAÁKVÆÐI

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Raforkulög nr. 65/2003

SKIPULAGSÁÆTLANIR

- Landsskipulagsstefna
- Aðalskipulag sveitarfélaga

LANDSÁÆTLANIR

- Kerfisáætlun 2018-2027

STEFNA STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA

- Þingsályktanir um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.
- Stjórnarsáttmáli 2017

AÐRAR ÁÆTLANIR

- Orkustefna fyrir Ísland
- Sóknaráætlun Norðurlands Eystra 2015-2019
- Ályktun Eyþings 2017

ÖNNUR GÖGN

- Öryggismál Akureyrarflugvallar

Í kafla 5.1 er gerð grein fyrir samhengi stefnu breytts svæðisskipulags við ofangreindar áætlanir og stefnuþlögg.

Lagning flutningslínunnar er í samræmi við markmið raforkulaga og landsskipulagsstefnu um örugga afhendingu orku, stefnu um mannvirki í sátt við náttúru og umhverfi, hagkvæmni uppbyggingar og hagsmuni neytenda. Áætlunin er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar en breyta þarf aðalskipulagi Hörgársveitar til samræmis við breytt svæðisskipulag. Áætlunin er unnin í samræmi við ályktanir Alþingis um lagningu raflína, Kerfisáætlun 2018-2027, sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 og ályktun Eypings 2017.

BLÖNDULÍNA 3 OG VALKOSTIR UM LÍNULEIÐ

Fyrir liggja drög að hönnun Blöndulínu 3 og mat á umhverfisáhrifum hennar, sem unnið var 2012. Unnið er að nýju mati á umhverfisáhrifum línunnar og verður hönnun línunnar væntanlega endurskoðuð með hliðsjón af því. Í umhverfisskýrslu eru sex línuleiðir milli Norðurárdals og Akureyrar bornar saman og metnar sbr. lög um umhverfismat áætlana. Í þeim samanburði felst rökstuðningur fyrir þeirri leið sem tillaga er gerð um. Útfærsla, þ.e. gerð, nákvæm lega, afstaða til byggðar og umfang jarðstrengja er ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins. Þeir þættir verða ákveðnir í hönnun sem unnin verður m.a. með hliðsjón af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, aðalskipulagi sveitarfélaga og stefnu svæðisskipulags Eyjafjarðar.

VALKOSTAGREINING OG MAT

Eftirtaldir skipulagskostir eru bornir saman í kafla 4.

- Núll-kostur
- A Hörgárdalsheiði - Hörgárdalur – Akureyri
- B Meðfram núverandi Byggðalínu
- C Öxnadalur - Seldalur - Djúpidalur - Eyjafjarðardalur – Akureyri
- D Öxnadalur - Vaskárdalur - Djúpidalur - Eyjafjarðardalur - Akureyri
- E Öxnadalur - Skjöldalsheiði - Skjöldalur - Eyjafjarðardalur - Akureyri
- F Öxnadalur - Glerárdalur – Akureyri

NIÐURSTAÐA

Út frá grófvinsun valkosta er leið B lögð fram sem tillaga svæðisskipulagsnefndar um legu flutningslínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar.

Í 5. kafla er gerð grein fyrir líklegum áhrifum leiðar B á umhverfi og samfélag. Samantekt áhrifa er sett fram í yfirlitstöflu.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar, Blöndulína 3 - kostagreining B - ÖXNADALSHEIÐI - ÖXNADALUR - HÖRGÁRDALUR - AKUREYRI  mars 2019		
 Nokkuð jákvæð áhrif  Verulega jákvæð áhrif  Óveruleg neikvæð áhrif  Veruleg neikvæð áhrif  Óveruleg áhrif  Öviss áhrif  Háð útfærslu  Á ekki við		
	0	2
Umhverfispáttur	Viðmið	Áhrif
Land, landslag, ásynd, jarðmyndanir	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Almenn viðmið.	 Óveruleg eða nokkuð neikvæð áhrif á flestar landslagsheildir á línuleiðinni  Talsverð og veruleg neikvæð áhrif á ásynd lands og byggðar á vissum svæðum  Óveruleg áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða friðlýsingar
Gróður og dýralíf	Válisti 1 - Plöntur, 1996. Válisti 2 - Fuglar, 2000. Almenn viðmið.	 Óveruleg áhrif á sjaldgæfar tegundir gróðurs eða tegundir á válista  Neikvæð áhrif á efnistökusvæðum, þar sem gróður er að finna  Óveruleg heildaráhrif að teknu tilliti til mótvægisáðgerða  Tímabundin nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf  Áhrif á fuglategundir/válista-tegundir óveruleg
Vatnafar	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.	 Fer um fjarsvæði vatnsverndar. Óveruleg áhrif miðað við tilteknar mótvægisáðgerðir
Náttúruvernd	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Almenn viðmið.	 Línán verður við jaðar verndarsvæðis Tröllaskaga og fer að hluta inn á það. Óveruleg áhrif
Minjavernd	Þjóðminjalög nr. 107/2001. Almenn viðmið.	 Óveruleg áhrif. Fornleifar á leiðinni eru þekktar og gætt að fjarlægð að þeim
Útivist og ferðamennska	Almenn viðmið.	 Nokkuð neikvæð staðbundin áhrif á framkvæmdatíma  Óveruleg/ekki neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á áhrifasvæði línunnar
Nálægð við byggð	Almenn viðmið.	 Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif á köflum þar sem línán er nærri bæjum á Molhaugnahálsi og Kræklingahlíð  Lítil engin áhrif þar sem línán verður ekki sýnileg frá byggð í Hörgárdal
Landnotkun	Aðalskipulag sveitarfélaga Almenn viðmið.	 Í samræmi við aðalskipulag Akureyrar  Samkvæmt stefnu aðalskipulags Hörgársveitar. Háð útfærslu  Óveruleg áhrif á landbúnað
Öryggismál, áhætta	Raforkulög nr. 65/2003 Almenn viðmið.	 Snjóflóða- og ísingarhætta þekkt. Mótvægi í mannvirkjum  Hætta á skriðuföllum á Öxnadalshéið og í Öxnadal. Staðbundin áhrif  Óveruleg áhrif vegna hávaða eða raf- og segulsviðs  Leiðaval styður afhendingaröryggi m.a. vegna nálægðar við þjónustukerfi
Hagrænir þættir,	Raforkulög nr. 65/2003 Almenn viðmið.	 Hagkvæmni. Núverandi þjónustukerfi, t.d. vegir og slóðar, nýtast við framkvæmd og rekstur  Forsenda frekari atvinnuuppbyggingar á Eyjafjarðarsvæðinu
Niðurstaða		 Rekstaröryggi. Framkvæmd.

Lagning Blöndulínu 3 hefur neikvæð áhrif á landslagsheildir, ásynd lands og byggðar á vissum svæðum, staðbundin og/eða tímabundin neikvæð áhrif á gróður og dýralíf, t.d. á efnistökusvæðum. Línán verður við jaðar verndarsvæða og hefur óveruleg áhrif á þau. Talið er að áhrif á ferðaþjónustu verði óveruleg. Línán fer nærri bæjum á nokkrum stöðum og getur haft neikvæð áhrif á umhverfi þeirra – það er þó háð útfærslu sbr. ákvæði þar um í stefnu skipulagsins. Línuleiðin er hagstæð með hliðsjón af rekstri og viðhaldi vegna nálægðar við þau þjónustukerfi sem fyrir eru. Lagning

flutningslínunnar er forsenda frekari atvinnuuppbyggingar á Eyjafjarðarsvæðinu og mun því hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Niðurstaða valkostagreiningar byggist m.a. á rekstraröryggi og hagkvæmni í framkvæmd.

VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í hönnun og við leyfisveitingar verða vöktunaráætlanir skilgreindar. Þær eru ekki hluti svæðisskipulagsákvæða.

Í breyttu svæðisskipulagi er sett fram stefna um mótvægisáðgerðir. Þar er m.a. stefnt að því að flýta lagningu flutningslína með lægri spennu (66 kV) í jörð og fækka þar með sýnilegum háspennulínum í sveitinni sem mótvægi við lagningu Blöndulínu 3. Þær línur eru í eigu RARIK. Einnig er lagt til að stefnt verði að því að Rangárvallalína 1 (Byggðalína) verði lögð í jörðu eftir því sem aðstæður og tæknilegar forsendur leyfa.

Mótvægisáðgerðir verða mótaðar og skilgreindar í hönnunarferli í samhengi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

4 KYNNING, AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

4.1 KYNNING

Fyllt í eftir framvindu

4.2 AUGLÝSING

Fyllt í eftir framvindu

4.3 AFGREIÐSLA OG STAÐFESTING

4.3.1 ATHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA ÞEIRRA

Fyllt í eftir framvindu

4.3.2 BREYTINGAR Á TILLÖGU EFTIR AUGLÝSINGU

Fyllt í eftir framvindu

4.3.3 AFGREIÐSLA SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, sem auglýst var skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lá frammi til kynningar frá _____ til _____ var afgreitt af svæðisskipulagsnefnd _____.

formaður svæðisskipulagsnefndar

4.3.4 SAMÞYKKT SVEITARSTJÓRNA

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar _____.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar _____.

F.h Fjallabyggðar

Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar _____.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar _____.

F.h. Dalvíkurbyggðar

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar _____.

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar _____.

F.h Hörgársveitar

Samþykkt í skipulagsnefnd Akureyrarbæjar _____.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar _____.

F.h Akureyrarbæjar

Samþykkt í skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar _____.
Samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar _____.
F.h Eyjafjarðarsveitar

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps _____.
F.h Svalbarðsstrandarhrepps

Samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps _____.
F.h Grýtubakkahrepps

4.3.5 STAÐFESTING

Svæðisskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun

Gildistaka Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 var
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda